

**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI**  
**FÉLAGSFRÆÐIBRAUT**

## UPP 203 – Uppeldismál á Íslandi

**Kennari:** Linda Sólveig Magnúsdóttir – [linda@ma.is](mailto:linda@ma.is)

**Áfangalýsing:** Í þessum áfanga er lögð áhersla á aðstæður íslenskra barna og unglunga. Fjallað er um uppeldismál á Íslandi í nokkuð víðu samhengi, mikil áhersla er lögð á að nemendur kynni sér markmið skólasterfs á Íslandi, velti fyrir sér álitamálum í uppeldis- og skólasterfi, og geti rætt um þróun og uppbyggingu menntamála með gagnrýnu hugarfari. Áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda og samvinnu við skipulagningu og upplýsingaleit og að nemendur öðlist þjálfun í að afla gagna, meta þau og kynna fyrir hvert öðru. Ýmsir áhrifaþættir í uppeldi eru einnig til umfjöllunar; einelti, barnavernd, áhrif kynferðis, hjónaskilnaðir og ofbeldi gagnvart börnum. Miklar kröfur eru gerðar um virkni nemenda í umræðum og verkefnavinnu.

### **Lesefni:**

- Fjölritað leshefti sem fæst í afgreiðslunni (ath. sama hefti og í fyrra).
- Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir. (2005). *Uppeldi*. Kennslubók fyrir framhaldsskóla [3. útg.]. Reykjavík: Mál og menning. Valdir kaflar.
- Ýmislegt efni frá kennara (bæklingar, dreifildi, kvikmyndir o.s.frv).

### **Markmið:**

- að nemendur þekki til uppbyggingar íslenska skólakerfisins og velti fyrir sér ýmsum álitamálum sem oft koma upp í umræðuna.
- að nemendur fái innsýn í og kynnist ýmsum erfiðleikum sem börn/unglingar búa við eða geta lent í, meðal annars út frá orsökum, afleiðingum og forvörnum.
- að nemendur þekki helstu þjargir sem börnum og unglungum í vanda stendur til boða
- að nemendur séu meðvitaðir um áhrif kynferðis á líf barna og unglunga.
- að nemendur þekki og verði vakandi fyrir einkennum sem börn/unglingar sýna ef þau búa við/lenda í slæmum aðstæðum, og viti hvert skal leita eða vísa málum.
- að nemendur eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum, að koma fram fyrir aðra og skili vel unnum og ígrunduðum verkefnum.

### **Námsmat:**

- (15%) Álitamál, paraverkefni
- (15%) Þemaverkefni, hópverkefni
- (10%) Úttekt á afþreyingu, paraverkefni
- (60%) Ferilmappa, einstaklingsverkefni

**Tímaáætlun (birt með fyrirvara um röskun eða breytingar)**

<b>Vika</b>	<b>Dags.</b>	<b>Hvað er gert</b>	<b>Verkefnaskil</b>
1	14-16. sept.	Kynning. Einelti	
2	19.-23. sept.	Einelti	
3	26. - 30. sept.	Íslenska skólakerfið	
4	3.-7. okt.	Íslenska skólakerfið.	<b>Álitamál</b>
5	10.-14. okt.	Íslenska skólakerfið.	<b>Álitamál</b>
6	17.-22. okt.	Íslenska skólakerfið	<b>Álitamál</b>
7	24. - 28. okt.	Haustfrí (mánud. 24. okt.)	
8	31. okt. - 4. nóv.	Þemavika	<b>Þemaverkefni</b>
9	7. - 11. nóv.	Barnavernd og stofnanir.	
10	14. - 18. nóv.	Barnavernd og stofnanir.	<b>Skil á möppu til yfirlestrar</b>
11	21. - 25. nóv.	Ofbeldi og vanræksla.	
12	28. nóv. -2. des.	Ofbeldi og vanræksla.	
13	5. - 9. des.	Börn og skilnaðir	<b>Úttekt á afþreyingu</b>
14	12. - 16. des.	Jöfnunavika/aukaþema	
15	4. og 6. jan.	Vinnutímar, klára möppu.	

**Með von um gott samstarf og skemmtilegar og virkar samverustundir,  
Linda Sólveig.**